



Fundargerð 11. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 19. ágúst 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Baldvin Hansson (BH), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Linda Karlsdóttir (LK)

Mættir varamenn:

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ), Andri Már Sveinsson (AMS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Ásta Sigurðardóttir (ÁS)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

AÓS ritaði fundargerð

1. Ársþing FIA 2025

Ársþing FIA verður haldið dagana 9.-12. desember í Tashkent, Uzbekistan. Ferðakostnaður er áætlaður um 390.000 kr. á mann og greiðir FIA kostnað fyrir einn.

Stjórn samþykkir að sendir verði tveir fulltrúar frá sambandinu.

2. Formannafundur / Lokahóf

Stjórn fór yfir þau verkefni sem vinna þarf fyrir formannafund og fór yfir þau mál sem helst þarf að huga að í gerð dagskrár. Einnig var farið yfir hugmynd af útfærslu miðasölu fyrir lokahóf.

3. Innsent erindi vegna lokaumferðar í Drifti

Athugasemd var gerð við keppnishald á drift keppni 9.ágúst síðastliðinn er varðar dómnefnd og staðreyndardómara. Formaður fór yfir málið og fram kemur að dómnefnd hafi aðeins verið að hluta til á staðnum og að staðreyndardómarar hafi ekki haft tilskilin réttindi. Telur stjórn ekki forsendur til þess að bregðast við erindinu með öðrum hætti en þeim að leggja að keppnishöldurum að vanda til keppnishaldsins þar sem að engar kærur eða athugasemdir bárust innan tilskilins frests.

4. Til kynningar:

- Búið er að sækja um styrk í FIA Motorsport Funding. Verkefnið sem sótt var um snýr að skyndihjálpi og björgun úr ökutækjum. Áætlað er að fá svar vegna umsóknar í desember. Ef umsókn verður samþykkt er stefnt að því að hefja þetta verkefni strax í janúar og farið



verður í framhaldinu með námskeiðið til aðildarfélaganna.

- Stjórn samþykkir að haldinn verði vinnufundur sunnudaginn 7.sept.

Næsti stjórnarfundur verður 2. september kl. 19:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:15